

Alþingi  
Erindi nr. P 127/1987  
komudagur 16. 4. 2002  
26. mars 2002

**Álit fulltrúa Starfsmannafélags Þjóðhagsstofnunar á frumvarpi til laga um afnám/brotfall laga nr. 54/1974, um Þjóðhagsstofnun.**

Fulltrúar Starfsmannafélags Þjóðhagsstofnunar eru algerlega mótfallnir þeim áformum er birtast í frumvarpinu og telja að þau muni ekki leiða til eflingar faglegrar umfjöllunar um íslenskan þjóðarbúskap né til hagræðingar í rannsóknum á efnahagsmálum. Í vinnu samstarfshópsins hefur í engu verið tekið tillit til sjónarmiða starfsfólks stofnunarinnar.

Þjóðhagsstofnun hefur mikla sérstöðu í efnahagsumhverfinu sem óháð sérfræðistofnun sem nýtur trausts og álits og er talin vinna faglega að þeim málum sem henni hafa verið falin. Þá nýtur stofnunin trúnaðar atvinnurekenda jafnt og verkalyðshreyfingar. Henni hafa verið falin ýmis verkefni af ráðuneytum og þingmönnum sem leitað hafa til sérfræðinga stofnunarinnar. Þjóðhagsstofnun tryggir því greiðan aðgang þingmanna allra flokka, aðila vinnumarkaðarins og alls almennings að áreiðanlegum upplýsingum um framgang efnahagsmála og er þessi starfsemi tryggð í lögum um stofnunina.

Samkvæmt frumvarpinu verður gerð efnahagsspáa og áætlana færð til fjármálaráðuneytis. Spágerðin yrði því undir pólitísku forræði og gæti því ekki talist óháð. Þessi breyting felur því í sér að stjórnvöld sjá ekki ástæðu til að reka pólitískt óháða efnahagsstofnun. Eðlilegra hefði verið að auka enn frekar sjálfstæði Þjóðhagsstofnunar.

Í frumvarpinu felst að færa eigi starfsemi Þjóðhagsstofnunar til annarra stofnana og ráðuneyta. Það sem sparast á fjárlagalið stofnunarinnar mun því koma fram sem kostnaðarauki hjá öðrum stofnunum og ráðuneytum. Rekstur stofnunarinnar hefur verið mjög hagkvæmur fram til þessa og því ljóst að truflun á þeirri starfsemi og flutningur verkefna hennar til annarra stofnana er dýrari en óbreytt starfsemi. Reyndar viðurkenndi ráðuneytisstjóri forsætisráðuneytis á fundi með starfsmönnum Þjóðhagsstofnunar í apríl árið 2001 að ekki væri um að ræða sparnað með því að leggja niður Þjóðhagsstofnun, heldur myndu útgjöld vaxa í kjölfarið, a.m.k. fyrst um sinn.

Í frumvarpinu er ráðgert að aðgreina enn frekar en nú er söfnun og frumúrvinnslu gagna um efnahagsmál og greiningu gagnanna. Styrkur Þjóðhagsstofnunar felst í samþættingu þessara verkefna. Þetta hefur reynst hagkvæmt fyrir faglega vinnu innan stofnunarinnar og skapað möguleika á meiri fjölbreytni í störfum einstakra starfsmanna. Flestir starfsmenn stofnunarinnar koma að gerð þjóðhagsreikninga, greiningu og spágerð og því er ljóst að starfssvið starfsmanna stofnunarinnar mun breytast mikið ef þetta frumvarp nær fram að ganga.

Þá vill Starfsmannafélagið benda á þann aðdraganda sem málið hefur haft. Ár er liðið síðan forsætisráðherra nefndi í sjónvarpsviðtali að leggja ætti Þjóðhagsstofnun niður í sömu andrá og hann lýsti óánægju með spár stofnunarinnar. Í byrjun apríl 2001 boðaði ráðuneytisstjóri forsætisráðuneytis starfsmenn til fundar þar sem hann ræddi um að framkvæma ætti þær breytingar sem frumvarpið fjallar um. Taldi ráðuneytisstjórinn að hægt væri að framkvæma þessa endurskipulagningu án

lagabreytinga. Síðar var hætt við þessi áform og skipaður samstarfshópur í júní. Þessi hópur hittist nokkrum sinnum til málamyndar síðastliðið haust og stendur meirihluti hans að frumvarpinu. Tekið skal fram að í þeirri vinnu sem fram hefur farið hefur meirihluti samstarfshópsins aldrei ljáð máls á því að ræða aðra möguleika til endurskipulagningar en þann að leggja niður Þjóðhagsstofnun.

Að lokum vill Starfsmannafélagið benda á að það telur bráðabirgðaákvæði frumvarpsins ábótavant þar sem það tryggir ekki rétt starfsfólks, auk þess sem það er ekki í samræmi við umræður samstarfshópsins og skipunarbréf hans. Í skipunarbréfi segir: „...er samstarfshópnum ætlað að útfæra nánar hvernig starfsmönnum Þjóðhagsstofnunar verði tryggð **sambærileg störf** hjá þeim stofnunum sem taka við verkefnum Þjóðhagsstofnunar.“ Í bráðabirgðaákvæði frumvarpsins stendur hins vegar: „Við gildistöku laga þessara skal starfsmönnum Þjóðhagsstofnunar boðið **annað starf** hjá þeim stofnunum, er taka við verkefnum Þjóðhagsstofnunar.“

Katrín Ólafsdóttir og Ásgeir Daníelsson.